

Í Húnaskóla er lögð áhersla á góðann skólabrag og bekkjaranda. Öllum bekkjum er uppálagt að vera vikulega með bekkjarfundi. Markmið bekkjarfunda er m.a. að vinna með sjálfsmynd nemenda, einelti, lausn ágreiningsmála og umræður um gildismat.

Í “Bekkarfundir. Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara og stjórnendur bekkjarfunda” eftir Ingileif Ástvaldsdóttur kemur eftirfarandi fram:

Bekkarfundir geta verið góð leið fyrir kennara til að kynnast nemendum sínum á annan hátt en honum gefst tækifæri til í venjulegri kennslustund. Bekkarfundir þjálfa nemendur í að koma hugsunum sínum og skoðunum í orð. Á sama hátt þjálfa þeir nemendur í umræðum og/eða rökræðum um málefni sem varða þá sjálfa sem einstaklinga og nemendahópinn í heild.

Meginmarkmið bekkjarfunda er að skapa öruggara andrúmsloft meðal nemenda, þar sem traust og samvinna ríkir meðal þeirra sem taka þátt í fundinum.

Skólaárið 2023-2024 var í endurmenntunaráætlun lögð áhersla á bekkjarfundi og fóru allir kennarar á námskeið um bekkjarfundi í umsjón Sigríðar Ingadóttur, sérfræðingi hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Auk þess fóru umsjónarkennarar 5.-10. bekkjar á námskeið hjá Sigríði, um Félagaspjall og Unglingaspjall.

Bekkarfundir

Gagnlegir bekkjarfundir byggja m.a. á því að kennari geti lesið nemendahópinn og gefið sér tíma til þess að undirbúa nemendur til þess að taka þátt í bekkjarfundum.

Bekkarfundir þarf að skipuleggja og stjórna af myndugleik ef vel á að takast til.

Að loknu námskeiði hefur kennari:

- öðlast þekkingu á fræðilegum grunni bekkjarfunda
- öðlast leikni í bekkjarfundahaldi
- fengið verkfæri sem nýtast við undirbúning bekkjarfunda
- skilning á mikilvægi bekkjarfunda fyrir nemendur
- þekkingu og skilning á tengslum bekkjarfunda við grunnþætti menntunar

Félagaspjall

Félagaspjall er samskipta- og samræðuverkefni sem hentar vel fyrir nemendur í 6. - 8. bekk. Viðfangsefnin sem Félagaspjallið byggir á kemur frá The Jubilee Center við Birmingham háskóla í Bretlandi. Fundir Félagaspjallsins byggja á sjö þemum þar sem unnið er með fjölbreytt viðfangsefni innan hvers þema. Í hverju þema eru 1-4 umræðufundir sem allir taka mið af því að styrkja samskipta- og samræðuhæfni nemenda. Umræðufundirnir sem fylgja Félagaspjallinu eru 18 og hver fundur felur í sér:

Hópeflisleik

Vinna og spjall með viðfangsefni

Verkefnavinna

Undirstaða fundanna er sett strax á fyrsta fundi þar sem samskipta- og samræðuviðmið eru sett af hópnum. Verkefnið fellur vel bæði að lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snýr að lífsleikni og siðfræði.

Félagsleg færni nemenda er eflað með samskiptavinnu og þeir fá tækifæri til að ræða saman um þau félaglegu skilaboð sem ætluð eru ungu fólki í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfsvirðingar og félagslegrar samkenndar. Nemendur fá þjálfun í að hugsa á gagnrýnn hátt um samskipti sín, hvernig þeir tengjast hver öðrum og þeim er gefið tækifæri til að tala um reynslu sína og skoðanir um ýmis samskipta- og álitamál.

Unglingaspjall

Meginmarkmið Unglingaspjalls er að þátttakendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggja undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Fundir Unglingaspjallsins taka á ýmsum viðfangsefnum eins og sjálfstyrkingu, tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra og efla samskiptahæfni. Samræðu- og samskiptafundirnir eru helgaðir hópeflisleikjum og fjölbreyttum verkefnum. Hver fundur felur í sér:

Hópeflisleik

Viðfangsefni

Spjall um viðfangsefni

Verkefnavinna

*Millifundaverkefni
Samantekt*

Unglingarnir setja sér markmið á fundunum og vinna að því markmiði á milli funda. Undirstaða fundanna er sett strax á fyrsta fundi þar sem samskipta- og samræðuviðmið eru sett af hópnum. Verkefnið fellur vel bæði að lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snýr að lífsleikni og siðfræði.